

Nefndasvið Alþingis
Viðskiptanefnd
b/t Selmu Hafliðadóttur
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. desember 2010.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007, með síðari breytingum (218. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem er ætíð að breyta nokkrum þáttum laga um verðbréfavíðskipti er varða yfirtöku.

Viðskiptaráð Íslands fagnar því að þær breytingar sem ofangreint frumvarp felur í sér séu lagðar til. Jákvæð breyting er hér lögð til á lögum um verðbréfavíðskipti enda verið að samræma reglur sem gilda um yfirtökuskyldu og taka út þann tímaramma sem aðila var gefinn til að minnka hlut sinn eða fullnægja tilboðsskyldu sinni.

Ákvæðið eins og það stendur í núgildandi lögum hefur valdið töluverðum skaða fyrir fyrirtæki á markaði hér á landi eins og vísað er til í greinargerð með frumvarpinu og Kauphöllin hefur réttilega bent ráðuneytinu á. Tekur Viðskiptaráð undir þau varúðarorð Kauphallarinnar sem vísað er til í greinargerð með frumvarpinu. Hins vegar má umhverfið ekki vera þannig að það fæli frá nýja aðila og er þess vegna mikilvægt að samhljómur sé milli þeirra reglna sem gilda hér á landi og þeirra sem gilda í nágrannalöndum, Ísland á ekki að vera verri kosturinn á þessum grundvelli. Mikilvægt er að þær reglur sem gilda hér á landi séu í samræmi við þær reglur sem gilda í nágrannalöndum okkar ef við ætlum að starfrækja hér samkeppnishæft viðskiptaumhverfi.


Afar brýnt er að tryggja minnihlutavernd og fyrir því eru ýmsar ástæður. Ein veigamesta ástæðan er sú að það er einfaldlega til hagsbóta fyrir fyrirtækin. Verðbréfamarkaðir byggja tilveru sína á vilja einstaklinga og annarra aðila til að geyma fjármagn sitt í verðbréfum. Fyrirtækin treysta svo á þennan vilja við öflun fjármagns fyrir sinn rekstur. Þar sem stór hluti fjárfesta eru smáir eru reglur sem miða að vernd þeirra grundvallaratriði fyrir virkni verðbréfamarkaða.

Viðskiptaráð gerir athugasemd við að yfirtökumörkin í lögnum og í ofangreindu frumvarpi sé miðað við 30%. Í umfjöllun fyrir nefndinni um þær breytingar sem gerðar voru á lögnum 2009 var miðað við 33% mark en í meðförum nefndarinnar breyttist það mark í 30% og var samþykkt með þeim hætti.

Viðskiptaráð gerir athugasemd við að yfirtökumörkin hafi verið lækkuð við meðferð nefndarinnar við síðustu yfirferð úr því sem tíðkast í nágrannalöndum okkar. Allar sérreglur sem ekki eru í samræmi við regluverk nágrannalanda okkar skerða samkeppnishæfni íslensks verðbréfamarkaðar. Eðlilegt væri að yfirtökumörkin væru í samræmi við regluverk í þeim löndum sem við berum okkur helst við sem er 33% eins og fram kom við umfjöllun málsins þegar síðustu breytingar voru gerðar á lögnum.

Viðskiptaráð leggur til að þær breytingar verðir gerðar á lögum um verðbréfavíðskipti að mörk vegna yfirtökuskyldu verði færð upp í 33% til samræmis við samanburðarlönd okkar.

Virðingarfyllst,



Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands